

MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR

ÞÝSKT GYLLINISTAFRÓF Í ÞREMUR ÍSLENSKUM ÞÝÐINGUM

GRIPLUR nefnast kvæði þar sem fyrstu bókstafir eða orð í upphafi vísuorðs eða í fyrstu línu hvers erindis mynda nafn, orð eða setningu. Griplur heita á grísku *akrostichon*. Þessi kveðskaparaðferð á sér langa sögu, hún kemur fyrir hjá Forn-Grikkjum og er notuð í sumum ritum Gamla testamentisins, t.d. í nokkrum Davíðssálum. Dulúð og trú á töframátt hefur frá fornu fari verið bundin við slíkan kveðskap. Á miðöldum voru griplur hins vegar notaðar við kennslu, einkum skriftarkennslu.¹ Telja má víst að formið hafi þótt hentugt til að koma í veg fyrir að erindi féllu niður eða nýjum væri bætt við. Í *Hugtökum og heitum* segir: „Aðferðin er kunn allt frá klassískri fornöld . . . og á miðöldum voru slíkar stafrófsgríplur algengar; menjar þess sjást m.a. í sálma-bók Guðbrands biskups.“² Kvæði af þessu tagi voru reyndar mjög algeng eftir siðskipti, en flest sem til eru á íslensku eru varðveitt í handritum og fæst prentuð.³ Mörg slík kvæði eru varðveitt frá barokk-tímabilinu.⁴ Paul Gerhardt og Martin Opitz notuðu t.d. þetta form.

Afbrigði þessara kvæða eru svonefnd gyllinistafróf (á dönsku et gyldent ABC og á þýsku ein güldenes ABC). Í þeim mynda upphafsstafir erinda stafrófið allt frá A til enda. Séra Hallgrími Péturssyni

¹ Sjá Bernhard Bischoff. *Elementarunterricht und Probationes Pennae in der ersten Hälfte des Mittelalters. Mittelalterliche Studien. Ausgewählte Aufsätze zur Schriftkunde und Literaturgeschichte I.* Stuttgart 1966, 74–87.

² *Hugtök og heiti í bókmenntafræði.* Jakob Benediktsson ritstjóri. Reykjavík 1983, 105–106.

³ Í sálma-bók Marteins Einarssonar 1555 er 18. sálmurinn upphaflega stafrófssálmur eftir Sedulius, sem uppi var á fyrri hluta 5. aldar. Lúter þýddi 8 fyrstu erindin og Martein hefur íslenskað eftir hans gerð, en í þeirri gerð er ekki lengur um stafrófssálm að ræða, upphafið er „Lausnarann Krist vér lofum nú“, sjá Bjarni Sigurðsson. *Sálma-bók í fjórar aldir.* Reykjavík 1989, 13. Sbr. einnig Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir II.* Reykjavík 1922, 629.

⁴ Sjá t.d. G. von Wilpert. *Sachwörterbuch der Literatur.* Stuttgart 1979, 10–11.

eru eignuð a.m.k. tvö gyllinistafróf. Annað þeirra fjallar einkum um friðþæginguna og er hvatning til iðrunar og afturhvarfs. Það hefst svo: „Andi Guð eilífur er.“ Hér eykur skáldið sér erfiði með því að láta upphafslínu hvers vísuorðs hefjast á orðinu sem vísuorðið á undan endaði á, t.d.: „Ande Gud eilýfur er / er yfer himen og jórd sier / sier huad i filsnunum fer / fer so ad allt vallded hann ber.“⁵ Ef Hallgrímur Pétursson er réttur höfundur þessa sálms þá er óhætt að segja að hann hafi oft komist betur frá þeim rímþrautum sem hann glímdi við (og voru eins og kunnugt er ófáar, t.d. heilar rímur undir sléttuböndum eða rímað afbrigði hexameturs). Hálfðan Einarsson lét prenta þennan sálm þrisvar í Hallgrímskveri, 1765 er hann merktur með stjörnu sem þýðir að útgefandi sé ekki alveg viss um hvort hann er réttilega eignaður Hallgrími. Í síðustu útgáfunni sem Hálfðan gekk frá 1773 er þessum sálmi sleppt, og hefur ekki síðan verið í Hallgrímskveri. Því miður er ekki vitað með hvaða rökum Hálfðan ákvað að taka sálminn ekki með í útgáfuna. Hitt gyllinistafrófið er að efni til kristileg heilræði eða eins og segir í fyrirsögnum sumra handrita: „Um athæfi og framferði rétt-skikkaðs kristins manns“. Upphaf þess er: „Á einn Guð settu allt þitt traust“. Kvæðið er sagt vera þýtt úr þýsku í fyrirsögnum sumra handrita en fleiri segja það þýtt úr þýsku og dönsku.

Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) nefnir sálmana báða í óprentaðri ritgerð um bragfræði sem varðveitt er í AM 1028 4to⁶. Jón gerir þar m.a. grein fyrir hugtakinu *acrosticha* og segir það vera kvæði „þau, sem hafa í fyrstu bókstófunum eitthvert mannsnafn edur annad sierdeiles ord. J Jslendsku er nög af slijkum, og eru þeir upphafstafer erendanna og optast manna nófn annadhvort þess siälfr hefr ordt, edur þess sem til edur umm er qvedit . . .“ (bl. 1r). Eftir nánari umfjöllun segir hann:

Hier til kunna og ad færast þeir psalmar sem eru effter A.B.C. so sem þesse sra Hallgr. A einn Gud settu allt þitt traust og þesse sra Arna Porvardssonar A og O, upphaf og endi, enn i slijkum mæda þeir sig oþarfilega, með⁷ bokstófum C.Q.X.Z. sem eige

⁵ Þannig í ÍB 380 8vo, handriti sem nefnt er Sálmareykelsi.

⁶ Sjá Hubert Seelow. Stabreim und Schäferdichtung – Barockdiskussion in Island? *Europäische Barock-Rezeption* II. Útg. Klaus Garber o.fl. (Wolfenbütteler Arbeiten zur Barockforschung 20). Wiesbaden 1991, 1126.

⁷ þessum latínsku *str. út*.

hafa raunar stad í Jslandsku, enn sleppa⁸ Ø og hinum ódrum sem ríett eiga þar heima. Meire pryde er þu[i] ad þessum psalme sra Hallgrims, Ande Guds eilífur er et. ad sydasta ord þess und-anfarande hendingar og erendes er alltid hid fyrsta i því sem ä epter kemur, so sem: Ande Guds eilífur er, er hann yfir himin og sjer, sier hvad i fylsnunum fer, fer so ad allt valldit hann ber. Ber hann ad lofa med list, etc og so frammvegis.

Eins og sjá má eignar Jón Hallgrími sálminn „Andi Guðs eilífur er“ án nokkurs fyrirvara. Ekki verður farið nánar út í það hér en athyglinni beint að gyllinistafrófinu sem Jóni hugnaðist síður vegna þess að þar láta höfundar sum versin hefjast á erlendum bókstöfum. Vitað er að Hallgrímur fékkst við þýðingar, þó ekki eins mikið og t.d. Stefán Ólafsson, en um þær hefur lítið sem ekkert verið skrifað. Í bók Magnúsar Jónssonar um Hallgrím og kveðskap hans er kafli sem heitir Ljóðapýðingar.⁹ Eru þar eingöngu nefnd tvö dæmi, „Gyllinistafróf“ (þ.e. Á einn Guð settu allt þitt traust) og vers undir hexametri sem mun vera þýtt úr latínu (Minnstu að gá, ef hefð þín er há).

Gyllinistafrófið sem Hallgrímur þýddi er til prentað bæði á dönsku og þýsku. Það er í *Danske Viser fra Adelsvisebøger og Flyveblade 1530–1630*¹⁰ og hefst svo: „Alen paa Gud sett haab och lid“. Þess má geta að það er þar eitt af fjórum gyllinistafrófum. Í skýringabindi útgáfunnar segir að sálmurinn sé „Gengivelse af en tysk alfabetisk Vise: Allein vp Godt sett dyn vertruwent.“¹¹ Þar segir enn fremur að kvæðið sé upprunalega lágbýskt, en elsta uppskrift sem vitað er um, sé á háþýsku í Greifswalder sálmabókinni frá 1597; frá 1612 sé þó til smáprent þar sem kvæðið er á lágbýsku. Í hvorugri prentuninni er höfunda getið, en í sálmabókum frá síðari hluta 17. aldar er kvæðið sums staðar eignað Bartholomeusi Ringwaldt (1532–1599).¹²

⁸ hinum sem *str.* út.

⁹ Magnús Jónsson. *Hallgrímur Pétursson, æfi hans og starf* I, Reykjavík 1947, 345–347.

¹⁰ *Danske Viser fra Adelsvisebøger og Flyveblade 1530–1630* udgivne af H. Grüner-Nielsen. Med Ordbog af Marius Kristensen og nye Tillæg af Nils Schiørring og Iørn Piø. København 1978–79, I. útg. 1912–31, II, nr. 98, 218–221.

¹¹ *Danske Viser* V, 72–297.

¹² Ringwaldt var fæddur í Frankfurt við Oder en var lengst af prestur í Langfeld (skammt frá Sonnenburg, Brandenburg). Í *A Dictionary of Hymnology*, setting forth the origin and history of Christian hymns of all ages and nations, útg. J. Julian 1892, (endur-

Í þýska sálmasafninu *Das deutsche Kirchenlied*¹³ er sálmurinn prentaður á háþýsku eftir *Greifswalder Gesangbuch* frá 1597, nr. 516 og einnig á lágbýsku eftir smáprentinu frá 1612, nr. 730. Í þessari grein er farið eftir fyrrnefnda textanum, en einnig höfð hliðsjón af þeim síðarnefnda.

Það er í sjálfu sér fróðlegt að bera þýðingu Hallgríms Péturssonar saman við dönsku þýðinguna og þýska frumtextann. En nú vill svo til að þýðing Hallgríms er ekki sú eina sem til er á íslensku. Í handritum hefur höfundur þessarar greinar rekist á tvær aðrar þýðingar. Við nánari athugun kom í ljós að önnur þeirra er eftir séra Ólaf Jónsson á Söndum í Dýrafirði (1560–1627) og er varðveitt í kvæðabók hans. Kvæðabókin er ekki lengur til í eiginhandriti en er varðveitt í heilu lagi í mörgum uppskriftum, t.d. Lbs. 1516 4to og ÍB 70 4to. NKS 139 b 4to mun vera elsta uppskrift kvæðabókarinnar. Fyrsti hluti þess er skrifaður í desember 1655.¹⁴ Þýðingin er þar á bl. 14r-16v og hefst svo: „Alleina til Gudz set trausta tru.“ Fyrirsögnin er: „Enn eirn dýgda speigill vt dreiginn af þui gyllenni A.B.C. vr þjldverskunne.“

Um þýðingu Hallgríms Péturssonar er kunnugt í 21 handriti og hún er prentuð í Hallgrímskveri frá því það kom fyrst út 1755.¹⁵ Eftir ná-

skoðuð útg. með viðbæti 1907), segir að Ringwaldt hafi haft talsverð áhrif á samtíð sína sem alþýðlegt skáld. Hann orti heilræðakvæði (didactic poems) sem endurspeglar tíðarandann og alþýðlegt lífsviðhorf, en var einnig með afkastamestu sálmaskáldum 16. aldar. Sálmurinn sem hér um ræðir „Allein auf Gott setzt dein Vertraun“ er eignaður Ringwaldt í ýmsum gömlum þýskum sálmaskáldum en er ekki meðal verka hans í síðari tíma útgáfum. Í sálmasafni Bäumkers segir að Ringwaldt sé fyrst nefndur sem höfundur þessa sálms í *Praxis piet(atis) melicam* eftir Joh. Crüger 1656. Bäumker telur líklegt að hlutur Ringwaldts hafi verið sá að snúa sálminum yfir á háþýsku. Sjá *Das katholische deutsche Kirchenlied in seinen Singweisen von den frühesten Zeiten bis gegen Ende des siebzehnten Jahrhunderts* begonnen von Karl Severin Meister. Zweiter Band. Auf Grund älterer Handschriften und gedruckter Quellen bearbeitet von Wilhelm Bäumker. Freiburg im Breisgau 1883, 276.

¹³ *Das deutsche Kirchenlied von der ältesten Zeit bis zu Anfang des XVII. Jahrhunderts*. Philipp Wackernagel útg. Hildesheim 1964, 5. bindi. 1. útg. Leipzig 1877, 327–28 og 470–71.

¹⁴ Ég þakka Jóni Samsonarsyni fyrir að benda mér á NKS 139 b 4to. Um handritið, sjá: Peter Springborg. Nyt og gammelt fra Snæfjallaströnd. *Afmælisrit Jóns Helgasonar* 30. júní 1969, 288–327.

¹⁵ Hallgrímur Pétursson. *Nockrer Lærdoomsrijker Psalmar og Andleger Kvedlingar* ... Hoolum 1755.

kvæman samanburð handrita hef ég valið handrit í Prándheimi, DKNVSB 41 8vo, sem aðaltexta. Það er skrifað 1671.¹⁶ Þýðing Hallgríms er þar á bls. 352–355 og hefur fyrirsögnina: „Annad Gyllene A.B.C. utlagt af *sra* Hallgryme Peturss. med hymna lag.“

Priðju þýðinguna rakst ég á í JS 235 8vo, bl. 36r–38r og síðar í ÍB 242 8vo, bl. 122r–126r. Sálmur með þessu upphafi er ekki í óprentaðri kvæðaskrá Landsbókasafnsins og ekki heldur í skrá Páls Eggerts Ólasonar.¹⁷ Mér er ekki kunnugt um þýðinguna, sem er án höfundarnafns, í öðrum handritum. JS 235 8vo er skrifað að Sandfelli í Öræfum 1801 og er með hendi Nikulásar Brynjólfssonar. ÍB 242 8vo er 18. aldar handrit og þar eru varðveitt mörg ljóðmæli sr. Hallgríms Péturssonar. Þýðingin er birt hér eins og hún er í ÍB 242 8vo, en textamunur er lítill. Upphaf þýðingarinnar er: „A Gud alleina vona víst“ og fyrirsögnin: „Enn einr Psalmur epter A B C“.

Þýski textinn í sálmaabókinni frá 1736 er 24 erindi, danska þýðingin 23 erindi, þýðing Ólafs á Söndum 24 erindi (hér eftir táknuð ÓJ), þýðing Hallgríms er 26 erindi (táknud HP) og þriðja þýðingin einnig 26 erindi (táknud NN). Erindin eru mismörg vegna þess að á þýsku er eitt vers sem hefst á bókstafnum V og annað sem hefst á W. Í dönsku þýðingunni er hins vegar erindi sem hefst á W en ekkert sem hefst á V. Ólafur á Söndum hefur sama erindafjölda og þýski textinn enda fylgir hann þeim texta mjög nákvæmlega í þýðingu sinni. Í hinum tveimur íslensku þýðingunum „mæða höfundarnir sig óþarflega“ eins og Jón úr Grunnavík orðaði það með erindum sem hefjast á C, Q, X, Z (og Ólafur á Söndum líka). Auk þess hafa HP og NN báðir erindi sem hefst á U og annað sem hefst á V og bæta að lokum við erindum sem hefjast á íslensku bókstöfunum P og Æ.

Eins og áður segir hefst kvæðið á þýsku á orðinu „allein“ (Allein auff Gott setz dein vertraun). Danska þýðingin notar orðið „alen“ og Ólafur á Söndum og ókunni þýðandinn nota orðið „alleina“. Hallgrímur sneiðir hjá því og segir: „A einr Gud set þu allt þitt traust“. Tökuorð koma þó fyrir hjá honum, ekki síður en hinum þýðendunum. Framan af ber öllum textunum vel saman efnislega. Í fyrsta erindi er lögð

¹⁶ Sjá *Gyðinga saga*. Útg. Kirsten Wolf. (Stofnun Árna Magnússonar. Rit 42). Reykjavík 1995, lviii–lix.

¹⁷ Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi* IV. Reykjavík 1926, 859–85.

áhersla á að treysta Guði fremur en mönnum; mennirnir bregðist en Guð aldrei. Í næsta erindi (B) er minnt á mikilvægi þess að varðveita æru sína, því að sá sem glatar henni hljóti hana ekki aftur. Í þessu erindi eru nokkurn veginn sömu orðin notuð í háþýska textanum, lágþýska, danska og þýðingu sr. Ólafs á Söndum. Háþýski textinn er: „Bewar dein Ehr, hutt dich vor schandt: / Ehr ist fürwar dein höchstes pfandt“, danska þýðingin: „Bevar din Ære, jeg siger dig sant, / Thi Æren er det høyeste Pant“ og ÓJ: „Bijvara þinn heidur best sem kannt / burt fra smän sem þinn dyrstann pant.“ (Hér tekur Ólafur þó *heidur* fram yfir *æru*). NN og HP eru óháðari fyrirmyndunum málfarslega. Sá fyrrnefndi yrkir: „Best vakta æru þína þu / þin eign er allra besta su“ og Hallgrímur: „Best þinnar æru geym og giæt, / gerseme su er harla mæt.“ Í seinni hluta þessa erindis má þó sjá að Hallgrímur nær betri tókum á þýðingunni en sá ókunni sem hefur: „eitt sinn tópud fæst ecke avalt / eitt sinn burt voga henne ej skallt.“ Hallgrímur hefur hins vegar: „ef hun þier sleppur eitt sinn frä / eingenn er von til henne ad næ.“

Í 3. erindi, sem fjallar um mikilvægi þess að kunna að þegja og forðast baktal, agg og róg, segir á þýsku: „Mit schweigen sich *verredt*¹⁸ niemandt, / klapffen bringt manch in Sünd und schandt.“ (leturbreyting mín). Og á lágþýsku: „Mit schwygen sick *verredt* nemand, / klaffen bringt menningen in Sünd vnd Schand.“ Þetta þýðir Ólafur á Söndum svo: „med þogn sig eingenn mistala ma / enn maluger rata J skomm og þra.“ Sich verreden þýðir að tala af sér; að mistala sig er hins vegar á þýsku sich versprechen. Danska þýðingin er öðruvísi: „haff ten for tunge, giff ingen last, thi klafferen haffuer mange sin lyke forkast.“ „Ten“ er hér skýrt í útgáfunni sem ritháttur fyrir „tand“¹⁹. Þetta er orðatiltækið „holde tand for tunge“ sem skýrt er svo í *Ordbog over det Danske Sprog*: „tilbageholde en ytring (som ikke bør komme frem); tie (i rette øjeblik)“.²⁰ NN hefur mjög svipað orðalag: „still þína tungu stunda frid, / steifft hefur sumum mälædid.“ HP fylgir hins vegar greinilega þýska textanum (eða þýskum texta): „med þógn sig eingenn *fortalad*²¹ fieck, / fiólordum jafnan jlla gieck.“ Áberandi er hve fast ÓJ

¹⁸ Stafsett þannig í Greifswalder Gesangbuch 1597 en *verredt* í Porst Gesangbuch 1736.

¹⁹ *Danske Viser* VII Ordsamling Tillæg, 249.

²⁰ *Ordbog over det Danske Sprog* 23. bind, København 1969, 1. prentun 1946.

²¹ Í aðalhandriti kvæðisins stendur reyndar „mistalað“ en öll önnur handrit hafa „fortalað“ (nema Lbs. 1119 8vo sem hefur „forgripið“). Í útgáfu kvæðisins tel ég nauðsyn-

fylgir þýska textanum eftir. Sums staðar er jafnvel torvelt að átta sig á merkingu þýðingar hans nema með hliðsjón af þýska frumtextanum. Sem dæmi má nefna fyrri hluta 4. erindis: „Dyrstum vijk, enn dæm þig smän, / suo dragi þig ecki j olucku hann“. Á þýsku er þessi vísupartur svona: „Dem grósten weich, acht dich gering, das er dich nicht in unglück bring;“. Hér er ráðlagt að alþýðufólk láti jafnan undan yfirstéttarfólki, forðist það jafnvel, svo að slíkt samneyti verði ekki til vandræða og ógæfu. Síðari hluti erindisins er svo ábending um að sýna þeim sem eru lægra settir en maður sjálfur enga óvirðingu; þannig helst allt í góðu jafnvægi: „Dem kleinsten auch kein vnrecht thu, so lebstu stets in rast vnd rhu.“ Í dönsku þýðingunni verður „Der Gróste“ að „Din offuer mand“ og hann á að virða „som han er vertt“. NN orðar þetta svo: „Dyrt virða yferbodna ber, / best er lytt hælur sialfum þier“ en HP segir: „Deil alldrei vid þinn yfermann, / elska skalltu og virða hann.“ Segja má að í þessum vísuhelmingi hjá Hallgrími sé lítið eftir af óttanum gagnvart yfirvaldinu sem er greinilegur í þýska textanum. Í þýska textanum fylgir fyrirheit um rólegt líf ef þessu er fylgt og ÓJ segir einnig: „mun þa rosamlig æfinn þijn“. Í dönsku þýðingunni er fyrirheitið hins vegar: „saa bliffuer du stese ved rette och mactt“. Í hinum tveimur íslensku þýðingunum eru hins vegar engin fyrirheit, fremur hótun. Hallgrímur segir: „hefnd fær drambseme jafnan vjst“ og NN: „misluckast tydum drambsemenn“. Þetta er eitt nokkurra dæma um að þessar tvær þýðingar líkist meira hvor annarri en erlendu textunum.

Í 5., 6. og 7. erindi (E, F og G) er fjallað um jarðnesk auðæfi. Fyrst er áminning um að stæra sig ekki af auðæfunum. Á þýsku segir: „Es ist dir nicht darumb gegeben, / das du dich solst darin erhebn.“ ÓJ hefur: „alldri það til þess Gud þier gaf, / ad gotzinu skyllder þu metnast af.“ Í dönsku þýðingunni er talað um að auðæfin séu ekki aðeins gjöf, heldur lán frá Guði sem menn eigi að standa reikningsskap af: „thi rigdom er itt laan aff Gud, / du maatte giøre regenskab, naar dig sendis bud.“ Bæði NN og HP standa hér nær danska textanum. Sá fyrrnefndi þýðir svo: „Gudz er lanid þess giæta mått, / Gude af því reikning standa ätt“ og Hallgrímur: „þeink ad læn Drottens er það allt, / af þuj reikningsskap standa skallt.“ F-erindið fjallar um að frómleiki og dygð sé meira virði en gull og fé og G-erindið er hvatning um að gefa fátækum, hafi

legt að leiðréttu texta aðalhandritsins eftir hinum handritunum og hafa fortalað í stað mistalað enda er hljóðstafasetning í erindinu að öðrum kosti röng.

maður sjálfur meira en nóg. Í þýska textanum er í síðara hluta þessa erindis bent á að þeir sem ekki sinni þessu geti endað á sama hátt og ríki maðurinn í dæmisögu Jesú.²² ÓJ þýðir: „annars þig henda allt eins kann / og oss seiger *Christr* vm ríjka mann.“ Í dönsku þýðingunni er ekkert minnst á ríka manninn, en bent á að Guð muni ef til vill launa viðkomandi á sama hátt, þ.e. að aðrir aðstoði hann þegar á þarf að halda. Þetta erindi er hér á dönsku til vinstri og í þýðingu Hallgríms til hægri. Eins og sjá má fylgir Hallgrímur í þessu erindi danska textanum:

Guss arme betencke, naar dig lider well,	Gef ölmusur ef attu aud
saa kand dig hendes dett same skill;	og aumka þann sem lijdur naud,
om Gud som haffuer lycken hoss sig	Gud i huors höndum heill þijn er
vill dett for vende, dine børn eler dig.	hann mun slijkt aptur giallda þier.

Hins vegar fer NN hér sína leið:

Guds magt hugleid þa geingur vel,
Gude þitt rad a hendur fel,
luckann þin er i hende hanz,
haf gät a bodum skaparanz.

Fyrri hluti 8. erindis (H) er svipaður í öllum textunum en seinni hlutinn mismunandi. Erindið fjallar um þakklæti: „Hat dir jemandt was guts gethan, / dar soltu stets gedencken an“. Þýðingar Ólafs á Söndum og Hallgríms eru óvenju svipaðar hér. Ólafur yrkir: „Hafi þier nockur til goda giortt, / giarnan þess ætjð minnugur vertt“ og Hallgrímur: „Hafe þier *eirn til* goda giört / godminnugur þess jafnan vert.“ Síðari hluti þessa erindis er á þýsku: „Es sol dir sein von hertzen leyd, / wenns deinem Nechsten vbel geht“ en danski textinn er nokkuð frábrugðinn:

Haffuer nogen beuist dig ære eller gaatt,
om du dett glemer, dett er dig en stor spott;
hoss gamell och wnge dett siges mett skiell,
att gode gierninger lønes sellen well.

Hallgrímur er sá þýðandi íslenskur sem fer hér næst danska textan-

²² Sbr. Lúk. 16, 19–31.

um: „þackarlaus velgiord, það er reint, / þungt fellur bædi liost og leint.“ NN virðist hins vegar taka mið af hvorugum erlenda textanum: „þiena lika ef þarf hann vid, / þä reiner fyrst a manzgiedid.“

Erindið sem hefst á bókstafnum I fjallar um mikilvægi þess að vera iðinn strax í æsku. Í þýska textanum er það rökstutt með því að menn eigi erfiðara með að vinna þegar aldurinn færir yfir þá: „In deiner Jugend solstu dich / zum arbeit halten stetiglich: / Hernach gar schwer die Arbeit ist, / wenn du zum Alter kommen bist.“ Ólafur á Söndum þýðir: „J þinne æsku vel þig ven / a vinnuþrífnað enn fordast slen, / þui erfiði veiter ohægt þa, / nær alldurdomurinn stríðer a.“ Í þessu erindi sem oftast er danska þýðingin nokkuð frjálstleg. Síðari hluti þess er á dönsku: „naar du bliffuer gamell, dett geler dig smutt, / thi wngdomens plantt er alerdomenss frutt.“ Hallgrímur og ókunni þýðandinn fylgja hér danska textanum. Þýðing Hallgríms er til vinstri, hin til hægri:

Jdeni vertu æ ungdöms tíð
ervídi lær, þar kemur um síð
uppskiera mun það ellenn kyrr
sem æskan nýdursæði fyrr.

J ungdæmenu er allra best
ervíde stunda og lærdóm mest
ungur hvað sæer, upp þu skier,
elle þa koma dagarner.

Ólafur á Söndum fylgir þýska textanum svo nákvæmlega eftir að nútímalesendur munu sums staðar eiga erfitt með að átta sig á merkingu þýðingarinnar, en óvíst er hvort hið sama hefur gilt um samtímamenn Ólafs. Upphaf 10. erindis er t.d. nokkuð torskilið:

Kiær ei suo freckt firer sierhuern mann
sem firer augum þiona kann,
þui af giedenu hiarttanz gär ei allt
sem glosar munnurinn fagurttt og sniallt.

Hér er í þýska textanum notuð sögnin kehren: „Keer dich nicht an ein jederman / der dir für Augen dienen kan“. Orðasambandið *sich nicht an etwas kehren* merkir: „sich um etwas nicht kümmern, sich nichts daraus machen, sich nicht danach richten, es übersehen, verachten ...“²³ Merking vísuþatsins er því þessi: Taktu ekki of mikið

²³ Deutsches Wörterbuch von Jacob Grimm und Wilhelm Grimm. 5. b. K. Leipzig 1873, 418.

mark á / gerðu þér ekki of dælt við þann sem „þjónar fyrir augum“ eða nánar tiltekið: ytri framkoma og viðmót er ekki alltaf í samræmi við innræti og hugarfar. Þessi merking kemst vel til skila í dönsku þýðingunni: „Ken ey for wener ale och huer / sig rømer i or och haffuer dig kier“. Athyglisvert er að efni þessa erindis er allt annað hjá NN: „Kvoldbæn þin heit og trüar tär / tallaus hiartanleg ydran klär / bæte þin jllskubrotinn sterk / best er það nætur upphafzverk.“ Hjá Hallgrími kemst merking þýska textans hins vegar til skila: „Kiært þo eirn late i eyrum þier / ofmióg honum ei trwa ber; / munnurenn stundum mæler dætt, / meinar þö kannskie hiartad flätt.“

Næsta erindi hefst svo í þýsku sálmabókinni: „Laß kein vnfall verdriessen dy, / wenn das Glück dir wohnet bey:“ og á lágbýsku: „Lath neen vnfall vordreten dy, / wenn dat Glück dy wanet by“ (þ.e. Láttu þér ekki gremjast um of þegar þú verður fyrir skakkafalli). Þetta þýðir ÓJ svona: „Lat þier ei ofall lijka ver / nær luckan eirninn byr hia þier.“ Merking þessa fyrri hluta erindisins virðist svolítið einkennileg, nema átt sé við að smáóhöpp séu ekkert til að gera veður út af, ef maður er hamingjusamur að öðru leyti. Erindinu hefur hins vegar verið breytt í Porst-sálmabókinni sem kom út í Berlín 1736. Þar segir: „Laß kein'n Unfall verdriessen dir, / wenn das Glück wohnet *nicht* bey dir“ (letur-breyting mín).

Unfall þýðir ÓJ með orðinu ófall. Það orð mun hafa verið fremur algengt og kemur m.a. fyrir í Passíusálmunum: „enn ef þig ofall hendir / aptur i tijma vendir“ (Pass. 16,13).²⁴ Þetta erindi hefur svolítið annan blæ á dönsku þótt efnið sé skylt. Það hljómar svona:

Lycke och wlyke huad dig komer paa
ditt sind du stadlige regere maa,
att dig ey forffører falsk eller suig,
thi enden er altid begyndelsen wlig.

Erindið endar á svipaðan hátt á þýsku: „Anfang vnd endt sein nicht geleich, / wie solches offt befindet sich.“ NN byrjar erindið eins og í dönsku þýðingunni, en sleppir að ræða um upphaf og enda: „Luckann hvört sem þig leikur vid / lanz edur hverfur blydlæted, / þier lattu vera

²⁴ *Passíusálmar Hallgríms Pjeturssonar* gefnir út eftir eiginhandriti höfundarins, tvö hundruð og fimtíu árum eftir lát hans. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn 1924, 60.

i þanka fast, / það mune kunna að ummbreitast.“ HP fylgir dönsku þýðingunni fastast eftir: „Luckann huort helldur er möt eda med, / mynstu að hafa stóðugt gied, / skialldann er upphaf ending lykt, / opt gefr raunenn vitne um slijkt.“

12. erindi (M) fjallar um mikilvægi þess að hafa stjórn á skapi sínu: „Messig im Zorn sey allezeit, / vmb klein vrsach erheb kein streit: / Durch Zorn das hertze wird verblendt, / das niemandt recht darin erkendt.“ Í þessu erindi er efni allra textanna hið sama. Enginn fylgir þýska textanum þó fastar eftir málfarslega en ÓJ: „Matann j reidi og medalhöf hallt, / mas og stiriolld ei reis vm allt, / þui ramblindar hiarttad reidinn bräd, / riettsyne fær þa einginn gäd.“ NN hefur erindið svona: „Med reide alldrei byria ber / breitne þina nie athafner, / margur i bræde verk það vann / sem vard þo leinge að ydrast hann“. Hann byrjar erindið á sama hátt og danska þýðingin: „Mett wrede du aldrig din sag bestile“. Og þýðing HP er ekki ósvipuð: „Med reidum hug ei hondla neitt / huad til göds enda verdur²⁵ leidt, / margur i brædi verk það vann / sem vard þo mest að jdrast hann.“²⁶ Í seinni hluta þessa erindis líkist þýðing HP þýðingu NN svo mjög (sama orðalag, sömu rím-orð) að það vekur grun um að tengsl séu milli þeirra.

13. og 14. erindi þýska sálmsins víxlást í dönsku þýðingunni. Efni 13. erindis á þýsku er: Fyrirverð þig ekki fyrir að þiggja ráð eða læra eitthvað af þeim sem veit meira en þú sjálfur. Sá sem kann eitthvað er mikils metinn en enginn kærir sig um þann sem er „ungeschickt“, þ.e. klaufalegur eða heimskur. Þetta erindi hefst á orðunum „Nicht schem dich ...“ og stendur því fyrir bókstafinn N. Á dönsku er þetta erindi hins vegar nr. 14 og hefst á orðunum „Om nogen dig lerer dett du ey kandtt ...“ og stendur fyrir O. Samsvarandi erindi á þýsku er efnislega þetta: Ef einhver ber upp klögumál sem þér er ætlað að skera úr um, skaltu ekki trúa öllu sem hann segir undireins, heldur hlusta einnig á hinn aðilann, áður en þú kveður upp úrskurð þinn. Þetta er efni 13. erindis í dönsku þýðingunni sem hefst á orðunum: „Naar nogen itt klage-maal for dig føre ...“. Hjá NN og HP er hins vegar sama erindaröð og í þýska textanum:

²⁵ Ofanmáls milli „enda“ og „verdur“ er í DKNVSB 41 8vo skrifað „(villtu)“ bls. 353.

²⁶ Þýðing NN er ekki eins lík þýðingu HP í JS 235 8vo: „margur i brædi mæltj og vann / margt það sem leingi idrast hann.“

NN:

Nær sem þier kienner nockur mann
nockud gott stunda soma þann,
virðing störa hinn vitre ber,
virðingarlaus sa heimske er.

Öpröfad mäl þu alldrei dæm,
ending þess verður tidum slæm,
brukadu lóg án beiginga,
bada heirdu mälzpartana.

HP:

Nem þu og lær huad nytsamt er
nær einhuor gott vill kenna þier,
hyrda fær vm heimskan mann,
hinn fær virðing sem nockud kann.

Okient mælefne alldrei mætt
urskurda fliött nie dæma brætt,
klagandans heyrdur sögn um sinn
sijdann giæt ad huad talar hinn.

Þetta er eina dæmið um að NN fylgi þýska textanum en ekki þeim danska, en skýringin gæti verið sú að hann taki mið af þýðingu HP eins og fleiri dæmi benda til.

Þýðing Hallgríms er til í 21 handriti eins og áður segir, og hefur auk þess verið prentuð í Hallgrímskveri. Í 15. erindi hafa flest handrit og prentanir þýðingar hans lesháttinn: „Prakt og hofmöd þier hrittu frá / hefnð færði *morgum* löstur sä.“ Fjögur handrit hafa: „Prakt og hof-frækt“ og eitt hefur lesháttinn: „Prakt og hördöm“. Orðið hofmóður er tökuorð frá 16. öld.²⁷ Það sama á við um orðin hoffrakt og hofferkt.²⁸ Um hofferkt eru skv. seðlasafni Orðabókar Háskólans nokkur dæmi t.d. hjá Stefáni Ólafssyni og Guðmundi Bergþórssyni. Nú mætti ætla að þýski frumtextinn og danska þýðingin gætu skorið úr um hvort orðið Hallgrímur hafi notað, þ.e. hvaða handriti beri að fylgja í útgáfu, en svo er því miður ekki. Á þýsku er erindið: „Pracht vnd hoffardt meid vberall ...“ en á dönsku: „Pratt och hoffmod du forlade ...“. Þar sem allt bendir til að Hallgrímur hafi þekkt textann bæði á þýsku og dönsku, koma bæði orðin til greina. Athyglisvert er að ÓJ, sem virðist oft jafn-vel búa til orð upp úr þýskunni, sneiðir hjá báðum þessum nýyrðum og segir: „Priäl og dramb sem framast þu flij“. NN hefur þetta erindi svo: „Priäle veralldar fleig þier frá / fordiórfun næst er vegur sä / upp hvór sem klifrar ofurhätt, / ofann þvj hærra fellur þrätt.“ Orðið fordjörfun á sér fyrirmynd í danska textanum, svo og allur seinni hluti erindisins: „dett haffuer saa mange *forderuet* och skad; att fare som føre lad were din sed, ho høtt will stide faler offte ned.“ Málshættinum „hátt að

²⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík 1989.

²⁸ Sjá einnig Chr. Westergård-Nielsen. *Låneordene i det 16. århundredes trykte is-landske litteratur*. (Bibliotheca Arnemagnæana VI). Kaupmannahöfn 1946.

klífa, lágt að falla“ hefur danski þýðandinn bætt við frá eigin brjósti. Þýski textinn er einfaldlega: „Mancher wer ein behalten Mann, het er hoffardt vnd pracht gelahn.“ ÓJ þýðir: „vid hieilded margur veralldar mann, ef volz og dramb aflegdi hann.“ HP fer í þessum vísuþhelming eigin leiðir: „lijtelaatann landsmannasid / læt þier nægast að blijfa vid.“ Í þessu erindi sést því að NN notar danska textann óháð HP.

16. erindi (Q) fær allt annan blæ í dönsku þýðingunni en í þýsku textanum. Á þýsku er þetta erindi fyrst og fremst hvatning um að forðast illt umtal og ÓJ fylgir þeim texta að venju:

Quadt von niemandt gedenck noch sprich,	Quisa nie ætla ei jllt vm mann,
denn kein Mensch lebet ohn gebrech:	þui einginn hier syndlaus lifa kann,
Redstu alles nach deinem willn,	enn ef þu rausar allt huad villt,
man wird dich gar bald wider stilln.	einhuer vm sijder fær þig stillt.

Í dönsku þýðingunni snýst þetta erindi hins vegar um það að sýna nærgætni þeim sem líður á einhvern hátt illa: „Quide och angst berer mangel hoss sig, / om du dett seer, du frytter dig ey; / om nogen enss byrder tungen will giøre, / kan hende sig han dett sellff hiem føre.“ Þessi merking helst í báðum hinum íslensku þýðingunum. NN hefur: „Qvida syst auker hriggvum hug, / hrell ej þann mæder sorg óflug, / hvór það gíorer med hædnessid / henda kann siälfann mötlætíd.“ Og HP: „*Quilludum²⁹ hug sem sturlar stígd, / stærre skallt þu ei auka hrigd, / gollded mä verda aptur eins / sem odrum giorer þrátt til meins.“ Í þýðingu Hallgríms virðist jafnvel vísað til þeirra sem eru á einhvern hátt andlega vanheilir.

Í 17. erindi (R) eiga þýski og danski textinn ekkert sameiginlegt. Á þýsku er þetta erindi hvatning um að leita til Guðs í hverri neyð, en á dönsku áminning um að forðast hroka og keppa eftir hógværd.

Á þýsku segir:	Og ÓJ þýðir:
Ruff Gott in allen nóten an,	Ríett bíð þinn Gud j raunum alltið,
er wird gewißlich bey dir stahn,	reinast mun þier hans híaivist blið,
Er hilfft eim jeden auß der noth	hialp hans vr neyð fær huer og einn sa,
der nur nach seinem willen thut.	sem hans vilia giorer stunda ä.

Danska þýðingin er eins og áður segir efnislega allt önnur og NN fylgir þeim texta:

²⁹ Quillududum *hdr.*

Ross dig ey seluer, om du noget gjør	Rausn þína siálfur haf ej hátt,
som lofflitt er och prised bør;	hröse þier adrir seigdu fátt,
thi dyd haffuer dog sin loff hoss dig,	sialfhrosun nidrun sannleiks er,
sellross styker hoss fattid och rige.	sialf af sier digdinn vitne ber.

HP fylgir einnig danska textanum: „Raupa sem sijst af sialfum þier, / þo sijnest nockud giórt sem ber, / eigned lof jafnan luktur vest, / lijfnerd fromt sier hrösar best.“ Einkennilegt er að hann notar hér orðalagið *eigið lof lyktar verst* sem er að vísu þýðing á danska textanum *selvros stinker* en orðalagið líkist í raun meira þýsku útgáfunni á þessum máls- hætti, *Eigenlob stinkt*, sem þó kemur ekki fyrir í þýska frumtextanum, hvorki á háþýsku né lágbýsku. Hér gæti auðvitað verið um tilviljun að ræða. Ef það er rétt að Hallgrímur hafi dvalið um tíma í Glückstadt í Norður-Þýskalandi kynni hann hins vegar að hafa þekkt málsháttinn þaðan.³⁰ Hann gæti einnig hafa þekkt hann úr bókum. Loks kemur til greina að til hafi verið enn annar þýskur texti kvæðisins.

Í síðari hluta 18. erindis (S) er einnig mikill munur á þýska textanum og dönsku þýðingunni. Þýski textinn er: „Sich dich wol für, die zeit ist böß, / die Welt ist falsch vnnd sehr Gottloß; / Wiltu der Welt viel han- gen an / ohn schadt efft schandt kompst nicht dauon.“ Upphafið er eins á dönsku en í lokin er uppörvandi hvatning í stað hótunar: „See dig well for, fly wnd selskab, / som du kan snartt forfføres aff; / holdt dig till dem som gudfryttig er, / itt fromtt naffn du selluer ber.“ ÓJ fylgir að venju þýska textanum: „Sia þig vel vid þui vond er tijd, / ver- olld gudlaus og oheil smijd / ef henne hnijgur þu ofmög ad / an skada og skammar ei endast það.“ NN fylgir hins vegar dönsku þýðingunni: „Sindana vondann selskap flij, / sindugra rädum vert ej i, / ærlega stunda umgeingne, / einz so þin dagleg hegdun sie.“ HP fylgir dönsku þýðingunni þó enn fastar: „Sia þig vel vm, þvi verólld er flä, / vondum selskap þig sneider hiä, / gudhræddum hallt þier giarnan ad / gott nafn þier vijst utvegur það.“

Í 19. erindi (T) er enn talsverður munur á þýska textanum og dönsku þýðingunni. Þýski textinn er hvatning um að breyta rétt, jafnvel þótt

³⁰ Jón Halldórsson í Hítardal segir um Hallgrím í prestasögum sínum í Lbs. 174–175 4to: „komst i pionustu hiä hardrädum Jarnsmid edur kolamanne (sumer seigia i Kaup- enhafn enn adrer i Glycksted)“. Sjá Jón Samsonarson. *Ævisöguágríp Hallgríms Péturs- sonar eftir Jón Halldórsson. Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófess- ors 2. júlí 1971 frá nemendum hans*. Reykjavík 1971, 85.

maður hljóti ekki hrós fyrir. Bent er á að enginn geti hagað sér þannig að öllum líki. Efni danska textans er annað:

Tracht stets darnach was recht ist gethan,	Tratte aldrig effter en andenss wffer ³¹
ob dich schon nicht lobt jderman:	thi lyken den kan wende sig snart;
es kans niemandt machen also	och den som er well høtt wdi spill
das es jderman gefallen do.	maa offte giffue taffte och sell sette till.

Í dönsku þýðingunni eru menn hvattir til að sækjast aldrei eftir (eða óska eftir) ógæfu annarra, enda sé gæfan hverful. Og þeim sem gengur vel eina stundina, á kannski eftir að farnast illa síðar. NN virðist fara eftir danska textanum, en þó er þýðingin fremur frjálsleg. HP fylgir þýska textanum hins vegar greinilega í þessu erindi:

HP:
 Tem þig ad elska æru og spekt,
 þö aller þig ei lofe freckt;
 ad öllum lýndi, eingenn mann
 ord sijn og giórder stilla kann.

NN:
 Taldrag a vinskáp aungvan eirn,
 i þinum radum vertu hreirn,
 luckunnar kannskie líka þier
 ligne medlætisvindarner.

Bókstafirnir V og W fá hvor sitt erindið í þýska kvæðinu eins og áður segir. Í V-erindinu er hvatt til þess að treysta ekki á jarðneska hluti, minnt enn og aftur á að allt er hverfult og skynsamlegast að sækjast eftir eilífum verðmætum. W-erindið fjallar um að forðast deilumál. ÓJ þýðir bæði erindin nákvæmlega. Hið fyrra hefst: „Wppa Jarðneskt þig eckertt reid“ og hið síðara: „Vilie menn draga þig deilur J“. Á dönsku er erindi sem hefst á W (en ekkert sem hefst á V) og fylgir efnislega hvorugu erindinu á þýsku; það er hvatning til að vera vingjarnlegur í viðmóti og forðast stærilæti. Íslensku þýðendurnir hafa allir eitt erindi fyrir sérhljóðið U og annað fyrir samhljóðið V (ÓJ líka, hvað sem líður stafsetningu, eins og sést hér að ofan). U-erindið hjá HP samsvarar efnislega V-erindi á þýsku:

Verlaß dich auff kein Jrdisch ding,
 all zeitlich gut verschwindet gring,
 Darumb der Mensch gantz weißlich thut
 der allein sucht das ewig gut.

Uppa heims aud og allt huad er
 alldrei þig reid, það huerfur þier,
 sa mä þuj halldast higgenn best
 sem himnesk gjædi stundar mest.

³¹ Wffer = ufærd = ulykke, sbr. *Danske viser* VII, 265.

V-erindið hjá Hallgrími á sér hins vegar enga fyrirmynd, hvorki í þýska né danska textanum, a.m.k. þeim sem höfundur þessarar greinar hefur undir höndum. Í þýðingu NN er vers sem samsvarar erindi Hallgríms algjörlega efnislega en hefst á bókstafnum U:

HP:

Ven þig allrei med agg og rög
ad samandraða fiärens plög,
þad ferst med sorg sem fæst med synd,
fridsamt³² braud þier un og lynd.

NN:

Underhiggiu þu alldrej med
annara til þin drager fied,
ranglætisgrode rienar vest,
riettfeinginn audur þienar best.

Þetta bendir enn til þess að samband sé milli þessara tveggja þýðinga eða að um fleiri gerðir af kvæðinu sé að ræða á þýsku eða dönsku og þar sé fyrirmynd þessa erindis.³³ V-erindið hjá NN á sér enga samsvörun hjá HP. Það hefst á mjög svipaðan hátt og hið danska, en síðari hluti þess er efnislega sér á báti. Hér er til vinstri erindið á dönsku og til hægri þýðing NN:

Wenlig i din omgengelse du dig hole,
dett er icke smutt att were forstolt;
thi aldrig attes mand for den han er,
om han sig selluer mone haffue for kier.

Vidmote godu vik þier af,
vid alla samt ej malbragd haf,
eirn kan'skie þier fyrer augum hlö,
eitrad falz geimde tungann þo.

Xerxes konungur kemur oft við sögu í gyllinistafrófum, enda ekki mikið úrval af orðum sem byrja á x. Hann var Persakóngur og uppi á árunum 486–465 f. Kr. Hann á jafnan að vera mönnum víti til varnaðar. Á þýsku er erindið svona:

Xerxes verließ sich auff sein Heer,
darüber wart geschlagen sehr:

³² Mörg handrit hafa: vid fridsamt ...

³³ Ljóst er að um fleiri gerðir er að ræða á þýsku. Í safnritinu *Das katholische deutsche Kirchenlied* er fyrsta erindi sálmsins prentað eftir *Rheinfelsches Gesangbuch* frá 1666 og er þar nokkurn veginn alveg eins og fyrsta erindið í Greifswalder sálmaðókinni. Hins vegar segir þar aftan við að kvæðið sé upprunlega á lágbýsku (plattdeutsch) og sé varðveitt í handriti nunnunnar Catherine Tirs, skrifuðu 1588 í nunnuklaustrinu Niesing í Münster sbr. 12. nmgr. hér að framan. Fyrsta erindið er prentað eftir handritinu og er textinn greinilega annar en sá lágbýski sem prentaður er í sálmasafni Wackernagels, sbr. þessa grein, bls. 66.

So du most kriegem, Gott vertraw,
sonst alle zeit den frieden baw.

ÓJ fylgir þýska erindinu nákvæmlega: „Xerxes treysti ä herlid *hraust*, / *hann var þui sleiginn vægdarlaust*, / J orustu fast a *eirn* gud tru, / *enn þar a mille frid halltu*.“ Ólafur hikar ekki við að þýða „geschlagen“ með „sleginn“ í þeirri merkingu að hann hafi beðið afhroð í hernaði. Í þýska textanum er gerður greinarmunur á hegðun manna í stríði og á friðartímum. Í dönsku þýðingunni er á hinn bóginn lögð áhersla á að Xerxes hefði hlotið völd og fræð, hefði hann aðeins treyst Guði. Danski textinn er hér til vinstri og þýðing NN til hægri, sem fylgir danska textanum eins og sjá má og tekur upp eftir honum orðið *foragt*:

Xerxes forlod sig paa welde och matt,
hor offuer han kom i stor foratt;
han hade faat matt rett wisselige
hade han for allt hatt Gud mett sig.

Xerxes stolade mióg a magt,
mest af þvj sama hlaut forakt,
hann þvj umm Drottinn hyrte ej par,
hónum lítt tókust bardagar.

HP þýðir þetta erindi svona:

Xerxes kongur *fordum* freckt
forliet sig uppa valld og megt,
fieck þo mynkun og sorg *til sanns*,
sier huor *varest* þuj dæmi *hanns*.

Sögnin forlata hjá Hallgrími getur hvort sem er verið mynduð af forlade á dönsku eða verlassen á þýsku. Sögnin að forlata sig (upp) á eitthvað merkir að treysta einhverju (nokkur dæmi um það eru í seðlasafni Orðabókar Háskólans). Orðin vald og mekt hjá honum benda fremur til danska textans. Hallgrímur lætur sér nægja að leggja áherslu á það sem kemur alls staðar fram: Xerxes treysti á völd sín og það fór illa fyrir honum. Hann sleppir að ræða hvernig menn eigi að haga sér í stríði og friði og nefnir ekki að velgengni í hernaði byggist á því að menn treysti Guði.

Y-erindið er svo á þýsku:
Ye lengl je mehr kehr dich zu Gott,
das du nicht werdst des Teuffels Spot:
Der Mensch ein sodan lohn wird han
als er im leben hat gethan.

Þýðing ÓJ:
Yferbæt þig og ad Gudi snu,
suo andskotans spottfugl verder ei þu,
líjka sem *madurinn* lifer til hier
laun mun *hann* taka a sialfum sier.

Eins og maðurinn sáir, mun hann uppskera, er efni þýska kvæðisins. Í dönsku þýðingunni kemur hins vegar hin svokallaða gullna regla eða þessi orð Krists úr fjallræðunni: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“³⁴ NN fylgir danska textanum greinilega:

Ydermere derffor besynderlig ler	Ydia þin sie það allra mest
Gud offuer all tingest ellske och ære;	elska þinn Gud og heidra best
din neste du och dett same skiell bette	gior það hvórium er girnest þier
som du wilde dig aff hanem skulde skeep.	giöre sem flester mennerner.

HP tekur hér dönsku þýðinguna fram yfir þýska textann:

Yfer allt fram þu ottast Gud,
elska og vird *hanns heilog* bod,
odrum rædhollur eirnenn siert,
eins *og* þu villt að þier sie giórt.

Síðasta erindi þýska kvæðisins hefst á bókstafnum z:

Zier all dein thun mit redlicheit,
gedenck zum endt den letzten bscheidt,
Denn vor gethan vnd nach bedacht
hat manchen in groß leyd gebracht.

Fyrri hluti síðasta erindisins í dönsku þýðingunni samsvarar þessum erindum, en síðari hlutinn hefur annan og jákvæðari tón:

Rett du din dontt³⁵ mett all höffueskhed
betenck døden er din siste affsked;
sett stadig din tro till Jessus Ckriste,
saa winder du himerig glede forwiste. Amen.

Danski þýðandinn hefur ekki séð sér fært að byrja þetta erindi á Z. Hann kýs fremur að halda efni fyrri hlutans, þótt það kosti það að hann verði að yrkja annað erindi sem byrjar á R. Þetta lokaerindi sitt byrjar ÓJ á orðinu „síprýð“, stafsett með Z: „Zýprijd med æru þitt odal allt, / enda godann þui firer sia skallt, / þui adur giortt enn vm sie þeinkt, / opt hefur margra hug það kreinkt.“

³⁴ Matt. 7, 12.

³⁵ Dontt = dont = gærning, arbejde, sbr. *Danske viser* VII, 95.

Bæði Hallgrímur og ókunni þýðandinn byrja z-erindið á orðinu Zebaot, sem er hebreska og þýðir herskarar, en er oft notað í Biblíunni í samhenginu Drottinn herskaranna (Zebaot Jahve) og þess vegna notað sem heiti á Guði. Erindi NN er hér til vinstri, erindi HP til hægri:

Zebaoth Drottinn sie þitt skart,
syst stunda heimsins priäl oparf,
sa skrude fegur skyn ä þier
skarte veralldar trudu mier.

Zebaoth Gud öll veit þijn verk,
vert þuj lastvar, hanns magt er sterk,
fliötara stillest hötud hefnd
enn hin sem er með frammmkuæmd efnd.

Hér virðast báðir þessir þýðendur vera búnir að sleppa sjónum af erlendu fyrirmyndunum. Þeir yrkja síðan báðir aukavers til viðbótar, í samræmi við íslenska stafrófið, eitt erindi fyrir Þ og annað fyrir Æ. Greinilega er ekkert samband þar á milli. NN yrkir:

Pinum af aude gott þu giör,
Gudz þacka mónnum afftur þier,
Drottinn ummbunar dome j
dyrt er verdkaupid giættu ad þvj.

Æ lifer so i heime hier,
heilager Drottinz einglarnar,
þina sal bere þa til sîn,
þetta skammvinna lifed dvîn.

HP kemur fyrst með heilræði ættað frá Sókratesi og hefur það ekki, eins og sjá má, úr erlendu textunum sem hér eru til umfjöllunar. Síðan kemur heilræði sem lýsir vel hugsunarhætti þessa tíma þótt það eigi mun eldri rætur: þrengst ei heldur í neina stétt, þ.e. vertu á þínum stað, af því að hver hlutur á sinn sérstaka stað og allt gengur best ef hann er þar kyrr og sinnir sínu hlutverki.³⁶ Síðari hluti erindisins líkist efnislega síðasta erindinu í þýska textanum, áminning um að hugsa allt til enda áður en framkvæmt er:

Þig sialfan lær ad þeckia³⁷ riett,
þreingst ei helldr i neina stiet,

³⁶ Wilhelm Friese orðar þetta þannig: „Urprinzip des von Gott erschaffenen Kosmos und aller menschlichen Existenz ist: *Ordnung*. Der Wille zur Ordnung und zum Geben einer festgefügteten Form in allen Bereichen des Daseins – im Leben des Einzelnen, im Staat, im Glauben, im Denken und Forschen – ist ein überall entgegengesetztes Kennzeichen eines Zeitalters, das in dieser Arbeit als Zeitalter des Barocks verstanden wird.“ *Nordische Barockdichtung*. Eine Darstellung und Deutung skandinavischer Dichtung zwischen Reformation und Aufklärung. München 1968, 292.

³⁷ Þannig í 14 handritum, m.a. JS 208 8vo, en í aðaltexta stendur: Þig lær ad þeckia sialfan riett.

huad þu æformar að þuj gæ,
enderenn huornenn verda mä.

Síðasta erindið er mjög í anda Hallgríms, ekki síst áminningin *Memento mori*. Þýðingu hans lýkur með hvatningu og uppörvun og sama má segja um dönsku þýðinguna. Þýski sálmurinn endar hins vegar á þungorðri áminningu, sjá hér að framan. Síðasta erindi Hallgríms er:

Ætíð minst æ þinn *daudadag,³⁸
dom sijðastann og salarhag,
bíð jafnan Guð að gefa þér náð,
göð og heilnæm að stunda ráð.

Niðurstaða þessarar athugunar er meðal annars sú að eitthvert mark sé takandi á fyrirsögnum í handritum. Það er rétt sem þar segir að Ólafur á Söndum þýði úr þýsku; hann fylgir þýska textanum mjög nákvæmlega eins og hér hefur komið fram. Í fyrirsögnum margra handrita segir að Hallgrímur hafi þýtt kvæðið úr þýsku og dönsku. Allt bendir til þess að Hallgrímur hafi haft bæði þýska kvæðið og dönsku þýðinguna undir höndum og valið milli þeirra í þýðingu sinni. Hann getur líka vel hafa þekkt þýðingu Ólafs. Eitt dæmi (upphaf 8. erindis) er um að þýðingar þeirra líkist mjög hvor annarri. Hins vegar kemur ekki til greina að Hallgrímur hafi aðeins þekkt þýðingu Ólafs en ekki þýska frumtextann. Gegn því mælir t.d. að hann notar orðið „fortala“ þegar Ólafur notar „mistala“³⁹. Danski textinn hefur ekkert í þá veru en þýski textinn hefur „vorreden“. Mörg dæmi eru um að Hallgrímur fylgi dönsku þýðingunni fremur en þýska frumtextanum. Í 9. erindi (I) notar hann „svo uppsker hver sem hann sáir“ (uppskera mun það ellin kyrr / sem æskan niðursáði fyrr) sem er aðeins í dönsku þýðingunni. Hann fylgir dönsku þýðingunni efnislega í 16. og 17. erindi (Q og R) og einnig í síðari hluta 18. erindis. Í 23. erindi (Y) fylgir hann dönsku þýðingunni með því að nota „gullnu regluna“, en ekki þýska kvæðinu þar

³⁸ daugadag *hdr*.

³⁹ Sbr. 21. nmgr. Fortala hlýtur að vera upprunalegur lesháttur því að stuðlasetning er að öðrum kosti algjörlega ófullkomin.

sem segir að maðurinn hljóti laun eftir verkum sínum. Í 13. og 14. erindi er erindaröð hjá honum eins og í þýska kvæðinu, nánar tiltekið N-erindin og O-erindin eiga efnislega saman þar sem efninu er víxlað í dönsku þýðingunni. Í 19. erindi, síðari hluta, fylgir hann þýska kvæðinu eftir þar sem danska þýðingin vísar frá því. U-erindi hans fylgir efni V-erindis í þýska kvæðinu sem kemur hvergi fram í dönsku þýðingunni. Í P-erindi hans er efni sem virðist sótt í síðasta (Z) erindið í þýska kvæðinu, þ.e. að hugsa málið til enda þegar verið er að áforma eitthvað. En einnig eru nokkur dæmi um efnisatriði sem hann bætir við frá eigin brjósti.

Engin dæmi eru um að ókunni þýðandinn taki þýska textann fram yfir þann danska né að hann noti hann að öðru leyti, en nokkur um að hann fylgi ekki danska textanum og lítur út fyrir að hann leggi þar sjálfur til efni. Dæmi um það er K-erindið sem fjallar ekki um að vara sig á smjædri heldur um að gleyma ekki að biðjast fyrir á kvöldin. Hann virðist ekki hafa þekkt þýska frumtextann, þó með þeirri undantekningu að 13. og 14. erindi snúa í þýðingu hans eins og í þýska kvæðinu en ekki eins og í dönsku þýðingunni. Nokkur atriði benda til sambands milli þessarar þýðingar og þýðingar Hallgríms. Hugsanlega hefur þýðing Hallgríms verið höfð til hliðsjónar og gæti það verið skýringin á áðurnefndri erindaröð. U-erindið hjá ókunna þýðandanum á sér hvergi samsvörun nema í þýðingu sr. Hallgríms. P- og Æ-erindin (sem þeir eru einir með) fjalla hins vegar ekki um sama efni. Greinilegt er að ókunni þýðandinn hefur þekkt dönsku þýðinguna því að hjá honum kemur fyrir orðalag þaðan, sem hvorki er hjá Ólafi né Hallgrími.

Með siðbreytingunni bárust eins og kunnugt er menningarleg og hugmyndafræðileg áhrif hingað til lands aðallega frá Danmörku og Þýskalandi. Ólafur á Söndum er fæddur rétt eftir siðbreytinguna og í þýðingu sinni fylgir hann þýska frumtextanum svo fast að það bitnar í sumum erindum bæði á málfari og hugsun. Hallgrímur er rúmlega hálfri öld yngri en hann og leyfir sér að taka ýmist þýska kvæðið eða dönsku þýðinguna til fyrirmyndar eða yrkja frá eigin brjósti og árangurinn er kvæði sem er á góðu, íslensku máli, þrátt fyrir nokkur tökuorð, fellur vel að íslensku bragkerfi og setur efnið skýrt fram, eins og sést best á samanburði við hinar þýðingarnar tvær.

Dygðir og lestir eru eitt vinsælasta efni barokktímans segir Wilhelm Friese í doktorsritgerð sinni:

Der meditierend-deiktische Charakter großer Teile der Dichtung dieses Zeitalters läßt ein Thema immer wieder in den Mittelpunkt der Betrachtungen rücken: *Virtus*. Die Tugend zeichnet den *vir doctus et sapiens* aus; in der neulateinischen Dichtung wird dies Ideal oft behandelt, und die gelehrten Poeten des 17. Jahrhunderts überführen es in die Dichtung ihrer Muttersprache.⁴⁰

Í þýska kvæðinu er lögð áhersla á kristilegt hugarfar, t.d. að treysta Guði og leita til Guðs í nauðum; önnur heilræði eru almennari, t.d. að varðveita heiður sinn, gæta tungu sinnar og vera iðjúsamur. Mörg atriði snúast um mannleg samskipti svo sem að vera auðmjúkur gagnvart yfirboðurum en sýna um leið lægra settum fulla virðingu, láta ekki blekkjast af smjæðri, sýna þakklæti (í verki), hafa stjórn á skapi sínu, vera fús til að læra af öðrum. Talsvert er fjallað um afstöðu til fjármuna, menn eiga ekki að stæra sig af þeim; þeir eiga að meta frómt líf-erni meira en auðæfi og vera örlátir við fátæka. Auk þess eiga menn að taka mótlæti með jafnaðargeði, vera réttvísir í dómum, forðast þrjál, forðast baktal og gera það sem rétt er án tillits til þess hvað öðrum finnst. Einnig er talað um að treysta Guði í hernaði.

Sömu dygðir eru í hávegum hafðar í dönsku þýðingunni en áherslurnar eru sums staðar aðrar. Í 11. erindi þar sem talað er um að taka mótlæti með jafnaðargeði er t.d. í dönsku þýðingunni talað um að láta hvorki meðbyr né mótvind (lykke og ulykke) koma sér úr jafnvægi. Í 16. og 17. erindi í þýska kvæðinu er í raun um endurtekningu að ræða, þar er aftur talað um að forðast baktal eins og í 3. erindi og síðan um að leita til Guðs í nauðum eins og í 1. erindi. Þar bætir danski þýðandinn nýjum atriðum við, að sýna nærgætni þeim sem eiga um sárt að binda og forðast sjálfshól. Þegar varað er við skaðsemi veraldarinnar í þýska kvæðinu er í dönsku þýðingunni bætt við hvatningu um að leita eftir góðum félagsskap guðhræddra. W-erindið á dönsku er eins og áður segir óháð bæði V- og W-erindinu á þýsku. Í þrem síðustu erindunum (X, Y, Z) hefur danski þýðandinn upphaf hvers erindis mjög svipað og í þýskunni en botnar það með eigin útleggingu, eins og kemur fram hér að ofan. Í stað þess t.d. að enda síðasta erindið með þeim orðum

⁴⁰ Frieze. *Nordische Barockdichtung*, 144.

að sá sem framkvæmir án þess að hugsa málið áður, hljóti oft hin verstu endalok („hat manchen in groß leyd gebracht“) kys hann að segja: „sett stadig din tro till Jesus Christe, / saa winder du himerig glede forwiste. Amen.“ Fullyrða má að hann reyni í þýðingu sinni annars vegar að auka fjölbreytni og hins vegar að milda ofurlítið frumtextann.

Talsvert er varðveitt af íslenskum heilræðakvæðum eftir siðskipti en þau hafa lítið verið rannsökuð. Óskar Halldórsson segir að innræting af einhverju tagi „sé höfuðeinkenni á kveðskap lærdómsaldar“ og komi fram í miklu fleiri kvæðum en teljist til kenniljóða.⁴¹ Þó nokkur heilræðakvæði eru eignuð Hallgrími Péturssyni og eru „Heilræðavísur“ hans án efa þekktastar af slíkum kveðskap eftir siðskipti. Þýðingarnar sem hér hefur verið fjallað um sýna að erlendur heilræðakveðskapur hefur verið þekktur hér á landi á lærdómsöld og gera má ráð fyrir að hann hafi haft áhrif á frumsamin íslensk heilræðakvæði.

Þýðing Ólafs Jónssonar = ÓJ
NKS 139 b 4to bl. 14r-16v

Enn eirn dijdga speigill vt dreiginn af þui Gyllenni A.B.C. vr þijd-
 verskunne.

- A lleina til Gudz set trausta tru
 a tæpa mannz hialp ei bygg þu
 hía einum Gudi er tallaus trijgd
 traudligar vijdar vm heimsins bygd.
- B ijvara þinn heidur best sem kannt
 burt fra smän sem þinn dyrstann pant
 ef ad þijn ærann eitt sinn fer
 ecki hun þadann af til leggst þier.
- C eig þu fátt enn verd margs vijs
 vinnur þu med því heidur og prijs
 med þogn sig eingenn mistala ma
 enn maluger rata j skomm og þra.
- D yrstum vijk enn däm þig smän
 suo dragi þig ecki j olucku hann

⁴¹ Óskar Halldórsson. *Bókmenntir á lærdómsöld*. Reykjavík 1977, 28.

þeim minnstu ongua misgiord syn
mun þa rosamlig æfinn þijn.

E igi þig stær nie stollt þitt gied
þo stornægter hafer *med gull og fied*
alldri þad til þess Gud þier gaf
ad gotzinu skyllder þu metnast af.

F romur þu vertt *og fast* þui hallt
framar enn gulli til enda allt
þo audur *og* gullid flye þier fra
fiylger þier danu menskann þa.

G a ad fatækum giarnann þratt
nær Gud þig blessar *og þad* þu ätt
annars þig henda allt eins kann
og oss seiger Christr vm rijka mann.

H afi þier nockur til goda giortt
giarnan þess ætjld minnugur vertt
af ollu hiartta þig angre strijtt
ef þijnum naunga geingur lijtt.

J þinne æsku vel þig ven
a vinnu þrifnad *enn* fordast slen
þui erfidi veiter ohægt þa
nær alldurdomurinn strijder a.

K iær ei suo freckt firer sierhuern mann
sem firer augum þiona kann
þui af giedinu hiarttanz går ei allt
sem glosar munnurinn fagurtt *og* sniallt.

L at þier ei ofall lijka ver
nær luckan eirninn byr hia þier
vpphaf *og* endi er allz olijkt
allmargur tru eg reine slijkt.

M atann j reidi *og* medalhöf hallt
mas *og* stiriolld ei reis vm allt
þui ramblindar hiarttad reidinn bräd
riettsyne fær þa einginn gäd.

- N em af odrum þad veistu ei vel
vomm og mijkun þad ongua tel
þui virding fær huer sem veit fra sier
enn vitlausann einginn girnist hier.
- O g ef kiærumäl kemur firer þig
klagarans aburd heyr firer sig
vrskurd og trunad ei legg a fir
enn þu hins annars afbótun spir.
- P riäl og dramb sem framast þu flij
suo fellur þu ei olucku j
vid hielldist margur veralldar mann
ef volz og dramb aflegdi hann.
- Q uisa nie ætla ei jlft vm mann
þui einginn hier syndlaus lifa kann
enn ef þu rausar allt huad villt
einhuer vm syder fær þig st[ill]t.
- R iett bid þinn Gud j raunum alltijd
reinast mun þier hans hiavist blijd
hialp hans vr neyd fær huer og einn sa
sem hans vilia giorer stunda ä.
- S ia þig vel vid þui vond er tijd
verolld gudlaus og oheil smijd
ef henne hniigur þu ofmög ad
an skada og skammar ei endast þad.
- T ala og gior huad trutt er og riett
þo tiaest þier firer þad lof ei neitt
þui gietur so einginn giortt eitt huad
ad giediest ollum sem lijta ä þad.
- W ppa jardneskt þig eckertt reid
allt stundligt er rijrtt og fer syna leid
eg þui vitrastann ackta þann
sem eilijfu gotze safna kann.
- V ilie menn draga þig deilur j
duel þu med þógn og fresta þui

vijk honum helldur veigi þeim fra
sem villdi hann hafa þig teigt vppa.

X erkses treysti ä herlid hraust
hann var þui sleiginn vægdarlaust
j orustu fast a eirn Gud tru
enn þar a mille frid halltu.

Y ferbæt þig og ad Gudi snu
suo andskotans spottfugl verder ei þu
liþka sem madurinn lifer til hier
laun mun hann taka a sialfum sier.

Z iþþriþ med æru þitt odal allt
enda godann þui firer sia skallt
þui adur giortt enn vm sie þeinkt
opt hefur margra hug þad kreinkt.

Þýðing Hallgríms Péturssonar = HP
DKNVSB 41 8vo bls. 352–355

Annad Gyllene A.B.C. utlagt af sra Hallgryme Peturss med hymna lag.

A eirn Gud set þu allt þitt traust
adstod mannlegre trwer laust,
fast standa Drottens fyrerheit
fynst varla trigd um veralldar reit.

B est þinnar æru geym og giæt,
gerseme su er harla mæt,
ef hun þier sleppur eitt sinn frá
eingenn er von til henne ad næ.

C hristnum sömer ei saurugt hial,
sierhuor sinn munn vel geyma skal,
med þógn sig eingenn *fortalad⁴² fieck,
fiólordum jafnan jlla gieck.

⁴² Leiðrétt hér eftir öðrum handritum og vegna stuðlasetningar úr mistalad, sbr. 21. nmgr.

- D eil alldrei við þinn yfermann,
elska skaltu og virða hann,
þann minne hættar hæð þú sijst,
hefnd fær drambseme jafnan víjst.
- E f þú nægd af audæfum ætt,
öngvann veigen þig stæra mátt,
þeink að læn Drottens er það allt,
af þuj reikningskap standa skalt.
- F romleika, dæd og dygðer með
dyrara halltu enn gull eða fíed,
þa heimsins audlegð horfenn er
huort sinn gott mannord fylger þier.
- G ef ólmusur ef attu aud
og aumka þann sem líjdur naud,
Gud í huors höndum heill þijn er
hann mun slíkt aptur gíalda þier.
- H afe þier eirn til goda gíort,
godminnugur þess jafnan vert,
þackarlaus velgiord, það er reint,
þungt fellur bæði líost og leint.
- J denn vertu æ ungdöms tíð,
ervídi lær, þar kemur um síð
uppskiera mun það ellenn kyrr
sem æskan nýdursæði fyrr.
- K iært þó eirn late í eyrum þier
ofmíóg honum ei trúa ber,
munnurenn stundum mæler dátt,
meinar þó kannskíe híartad flátt.
- L uckann huort helldur er mót eða með
mynstu að hafa stódukt gíed,
skíalldann er upphaf ending lykt,
opt gefr raunenn vítne um slíkt.
- M ed reidum hug ei höndla neitt
huad til göðs enda ^(vílltu) verdur leídt,

margur i brædi verk þad vann
sem vard þo mest ad jdrast hann.

N em þu og lær huad nytsamt er
nær einhuor gott vill kenna þier,
hyrda fær vm heimskan mann,
hinn fær virding sem nockud kann.

O kient mælefne alldrei maett
urskurda fliött nie dæma brätt,
klagandans heyrdur sögn um sinn,
sijdann giæt ad huad talar hinn.

P rakt og hofmöd þier hrittu frä,
hefnd færði morgum löstur sä,
lijtelætann⁴³ landsmannasid
læt þier nægast ad blifja vid.

*Q uilludum⁴⁴ hug sem sturlar stigd
stærre skallt þu ei auka hrigd,
goldded mä verda aptur eins
sem odrum giorer þrätt til meins.

R aupa sem sijst af sialfum þier
þo sijnest nockud giört sem ber,
eiged lof jafnan luktur vest,
lijfnerd fromt sier hrösar best.

S iä þig vel vm þuj verólld er flä,
vondum selskap þig sneider hiä,
gudhræddum hallt þier giarnan ad,
gott nafn þier vijst utvegur þad.

T em þig ad elska æru og spekt
þö aller þig ei lofe freckt,

⁴³ sæmelegan skrifað á spássú með sömu hendi.

⁴⁴ Quillududum hdr.

ad öllum lýndi eingenn mann
ord sijn og giórder stilla kann.

V en þig alldrei med agg og rög
ad samandraga fiärens plög,
þad ferst med sorg sem fæst med synd,
fridsamt braud þier un og lynd.

U ppa heims aud og allt huad er
alldrei þig reid, þad huerfur þier,
sa mä þuj halldast higgenn best
sem himnesk giædi stundar mest.

X erxes kongur fordum freckt
forliet sig uppa valld og megt,
fieck þo mynkun og sorg til sanns,
sier huor varest þuj dæmi hanns.

Y fer allt fram þu ottast Gud,
elska og vird hanns heilog bod,
odrum rædhollur eirnenn siert
eins og þu villt ad þier sie giórt.

Z ebaoth Gud øll veit þijn verk,
vert þuj lastvar, hanns magt er sterk,
fliötara stillest hötud hefnd
enn hin sem er med frammkuæmd efnd.

Þ ig sialfan lær ad þeckia⁴⁵ riett,
þreingst ei helldr i neina stiett,
huad þu æformar ad þuj gæ
enderenn huornenn verda mä.

Æ tijd minst æ þinn *daudadag⁴⁶
dom sijdastann og salarhag,

⁴⁵ Þannig í 14 handritum, m.a. JS 208 8vo, en í aðaltexta stendur: Þig lær ad þeckia sialfan riett.

⁴⁶ daugadag *hdr.*

bid jafnan Gud ad gefa þier näd,
göd og heilnæm ad stunda räd.

Ókunn þýðing = NN
ÍB 242 8vo bl. 122r-126r

Enn eirn psalmur epter A B C
Ton Allfagurt lios

A Gud alleina vona víst
von þina a mǫnnum bigdu síst
Drottinn trúfastur alleirn er,
aller menn kannskie bregdest þier.

B est vakta æru þina þu
þin eign er allra besta su
eitt sinn tópuð fæst ecke avalt
eitt sinn burt voga henne ej skallt.

C hristnum somer ei þræta og þrátt
þeigande hlyða giarnann ätt
still þina tungu stunda frid
steifft hefur sumum mälædid.

D yrt virda yferbodna ber
best er lytt hælur sialfum þier
forakta ej helldur minne menn
misluckast tydum drambsemenn.

E f þier tilfalla ædur mä
af hǫnum metnast skallt ej þa
Gudz er lanid þess giæta mätt
Gude af því reikning standa ätt.

F romleike digd og æra er
óllu betre enn gimsteinarner
fied kann missast fallvallt er það
frid digdinn hefur sama stad.

G uds magt hugleid þa geingur vel
Gudi þitt rad a hendur fel

luckann þin er i hende hanz
haf gät a bodum skaparanz.

H afe þiernockur velgiórd veitt
vertu þacklatur elska hann heitt
þiena lika ef þarf hann vid
þä reiner fyrst a manzgedid.

J ungdæmenu er allra best
ervide stunda og lærdom mest
ungur hvad säer upp þu skier
elle þa koma dagarner.

K volldbæn þin heit og trúar tár
tallaus hiartanleg ydran klär
bæte þin jllskubrotinn sterk
best er þad nætur upphafzverk.

L uckann hvört sem þig leikur vid
lanz edur hverfur blydlæted
þier lattu vera i þanka fast
þad mune kunna ad ummbreitast.

M ed reide alldrei byria ber
breitne þina nie athafner
margur i bræde verk þad vann
sem vard þo leinge ad ydrast hann.

N ær sem þierkiennnernockur mann
nockud gott stunda söma þann
virðing störa hinn vitre ber
virðingarlaus sa heimske er.

O prófad mäl þu alldrei dæm
ending þess verdur tidum slæm
brukadu lóg än beiginga
bada heirdu mälzpartana.

P riäle veralldar fleig þier frá
fordiörfun næst er vegur sä
upp hvör sem klifrar ofurhätt
ofann þvj hærre fellur þrätt.

- Q vida sijst auker hriggvum hug
hrell ej þann mæder sorg óflug
hvór það giórer med hæðnessid
henda kann siälfann mötlætíd.
- R ausn þína siälfur haf ej hätt
hröse þier adrir seigdu fött
sialfhrosun nidrun sannleiks er
sialf af sier digdenn vitne ber.
- S indana vondann selskap flíj
sindugra ráðum vert ej í
ærlega stunda umgeingne
einz so þin dagleg hegdun sie.
- T aldrag a vinskap aungvann eirn
i þinum radum vertu hreirn
luckunnar kannskie líka þier
ligne medlætisvindarner.
- U nderhiggiu þu alldrej med
annara til þin drager fied
ranglætisgrode rienar vest
riettfeinginn audur þienar best.
- V idmote godu vik þier af
vid alla samt ej malbragd haf
eirn kannskie þier fyrer augum hlö
eitrad falz geimde tungann þo.
- X erxes stolade mióg a magt
mest af því sama hlaut forakt
hann því umm Drottinn hyrte ej par
hónum lítt tökust bardagar.
- Y dia þin sie það allra mest
elska þinn Gud og heidra best
giór það hvórium er girnest þier
giöre sem flester mennerner.
- Z ebaoth Drottinn sie þitt skart
sijst stunda heimsins priäl oparft

sa skruðe fegur skyn ä þier
skarte verallðar trudu mier.

P inum af aude gott þu giór
Gudz þacka mónnum afftur þier
Drottinn ummbunar dome j
dyrt er verdkaupid giættu ad þvj.

Æ lifer so i heime hier
heilager Drottinz einglarnr
þina sal bere þa til sîn
þetta skammvinna lifed dvîn.

SUMMARY

One sub-category of the literary genre known since Greek times as 'acrostics' (in Icelandic 'griplur') is what might be termed, in English, the 'alphabet poem' (in Icelandic 'gyllinistafróf' or 'stafrófssálmur'). Its principal characteristic is that the first letters or words at the beginning of a line, or the first lines in each stanza make up a name, word or sentence. In gyllinistafróf the initial letters of stanzas form the alphabet from A to Z. There is an extant acrostic poem attributed to Hallgrímur Pétursson (1614–1674) and preserved in 21 manuscripts. In some of these manuscripts it is stated that Hallgrímur translated the poem from German and Danish. The present article shows that there was a Danish translation of the poem printed in *Danske viser fra Adelsvisebøger og Flyveblade 1530–1630*; and this work is traced back to a German original, printed in High German in *Greifswalder Gesangbuch* 1597 and in small print in Low German in 1612. It is conceivable that Bartholomeus Ringwaldt (1532–1599) was the author of this German poem, though his role may rather have been that of translating the piece into High German. The poem is preserved in a manuscript written in 1588 by Catherine Tirs, a nun in the Niesing nunnery in Münster. The article notes that Hallgrímur Pétursson is not the only Icelandic to have translated the poem; there are three different manuscript translations extant. One of them, in all likelihood the oldest, is by Ólafur Jónsson from Sandar in *Dýrafjörður* (1560–1627). It is not clear who the author of the third translated version is, but the present writer has identified two manuscripts containing the piece, ÍB 242 8vo and JS 235 8vo. The article examines the three Icelandic translations, comparing them with the German original and the Danish translation. A considerable number of differences are noted between

the German and Danish versions. The Danish translator expands the poem by adding new material and his overall treatment lends a lighter tone to the work. In his translation Ólafur Jónsson follows the German original closely, both in content and expression. Hallgrímur Pétursson seems to have worked with both the German original and the Danish translation in front of him, because he borrows material and vocabulary from both, quite apart from the additions of his own which he makes. The unidentified translator seems only to have known the Danish translation and not the German original. There seems to be some link between his translation and that of Hallgrímur, but it is clear that he made use of the Danish translation because he makes use of expressions which are not to be found in Hallgrímur's version. Vices and virtues were among the most popular themes in the Baroque period in Europe. Some post-Reformation wisdom and advice poetry survives in Icelandic and has been little researched. The translations analysed in this article confirm that European poetry of this type was known in Iceland in this period, and that it is likely to have had an influence on the origins of Icelandic versions of the genre.